



Stjórnunar-og eignatengsl fyrirtækja – verkefni Samkeppniseftirlitsins 2008-2021

Rit. nr. 2/2021





Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	3
2.	Afmörkun á málum er varða stjórnunar- og eignatengsl og skyldleiki við önnur úrlausnarefni	3
3.	Megindrættir í störfum Samkeppniseftirlitsins á vettvangi stjórnunar- og eignatengsla frá bankahrúni.....	6
4.	Verkefni Samkeppniseftirlitsins framundan.....	9
YFIRLIT I - Yfirlit yfir ákvarðanir, skýrslur, umsagnir og aðra umfjöllun um stjórnunar- og eignatengsl		10
YFIRLIT II - Yfirlit yfir skýrslur um samkeppnis- og viðskiptahætti og stjórnunar og eignatengsl		37



1. Inngangur

1. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir því hvernig Samkeppniseftirlitið hefur fylgst með stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja síðustu ár. Efni skýrslunnar var tekið saman í tilefni af fyrirspurn um samkeppniseftirlit sem Björn Leví Gunnarsson, alþingismaður, beindi til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, á [þingskjali nr. 784 – 463. mál](#)¹. Svar ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurninni er að finna á [þingskjali nr. 1329 – 463. mál](#).
2. Við bankahrunið hófst nýr kafli í þróun stjórnunar- og eignatengsla í íslensku atvinnulífi. Fjöldmörg atvinnufyrirtæki misstu fótanna og komu til úrlausnar nýreistra viðskiptabanka sem í mörgum tilvikum öðluðust tímabundin yfirráð yfir þeim. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir helstu verkefnum Samkeppniseftirlitsins sem snerta stjórnunar- og eignatengsl frá þessum tímamótum og þar til nú, þ.e. frá seinni hluta ársins 2008 til fyrri hluta árs 2021.
3. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim ákvæðum samkeppnislaga sem varða stjórnunar- og eignatengsl, rakin úrræði sem samkeppnislög hafa að geyma sem tengjast þessum viðfangsefnum og fjallað nánar um afmörkun mála er varða stjórnunar- og eignatengsl (kafli 2). Því næst verður fjallað almennt um meginrætti í verkefnum Samkeppniseftirlitsins á þessu sviði á liðnum árum (kafli 3). Þá er fjallað um áform eftirlitsins um styrkingu eftirlits og upplýsingamiðlunar á þessu sviði (kafli 4). Í yfirlitum I og II aftast í skýrslunni er síðan gerð grein fyrir helstu ákvörðunum og annarri umfjöllun sem hér fellur undir.

2. Afmörkun á málum er varða stjórnunar- og eignatengsl og skyldleiki við önnur úrlausnarefni

4. Hlutverk Samkeppniseftirlitsins er dregið saman í 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga. Er eftirlitinu (a) ætlað að framfylgja boðum og bönnum laganna, (b) ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja, og (c) gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði.
5. Þá er d-liður 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga svohljóðandi:

„að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku atvinnulífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja: skal þetta gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasambjöppunar sem takmarkað geta samkeppni; stofnunin skal birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það er nauðsynlegt.“

6. Í framangreindu ákvæði endurspeglast áhyggjur löggjafans af fákeppni í hinu smáa hagkerfi Íslands. Fyrir liggur að við þær aðstæður sem hér ríkja er aukin hætta á samkeppnishindrunum,

¹ Fyrirspurnin er nánar tiltekið svohljóðandi:

- 1) Hvernig hefur Samkeppniseftirlitið, á undanförunum 10 árum, fylgst með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kannað stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja, sbr. d-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga, nr. [44/2005](#)?
- 2) Hvaða skýrslur hafa verið gerðar á undanförunum 10 árum um þessa þróun, um hringamyndun, óæskileg tengsl eða valdasambjöppun sem takmarkað geti samkeppni?
- 3) Til hvaða aðgerða hefur verið gripið, ef einhverra, vegna eftirlits samkvæmt framangreindu lagaákvæði?



þ. á m. blokkamyndun, þar sem fyrirtæki geta t.d. átt viðskipti innan blokkar án tillits til ótengdra keppinauta á viðkomandi mörkuðum.

7. Þessar aðstæður lýsa sér einnig í aukinni hættu á samkeppnishindrunum og samkeppnislagabrotum og aukinni tjónshættu vegna þess. Þannig standa rök til þess að tjón vegna samkeppnishindrana geti verið enn meira á Íslandi en í stærri ríkjum. Í matsgerð hagfræðinganna Guðrúnar Johnsen og Gylfa Zoëga, sem lögð var fram í máli olíufélaganna gegn Samkeppniseftirlitinu, kom fram að erlendar rannsóknir um skaðsemi samráðs hafi þýðingu hér á landi. Síðan segir:

„Við þetta má bæta að Ísland er fámennit land og þjóðfélagið einkennist af nálægð og persónulegum kunningsskap. Við slíkar aðstæður aukast líkur á að stjórnendum fyrirtækja takist að stilla saman strengi, bæði er varðar þegjandi samkomulag og samráð. Af þessum sökum má draga þá ályktun að samráð sem stofnað er til hér á landi verði árangursríkara en samráð í stærri samfélögum.“²

8. Ákvæði d-liðar 1. mgr. 8. gr. (eftirlit með samkeppnis- og viðskiptaháttum og stjórnunar- og eignatengslum) er eðli máls samkvæmt til stuðnings og fyllingar við beitingu á öðrum ákvæðum laganna, þ.e. við rannsókn mála sem tilheyra a- og b-lið 1. mgr. 8. gr. (framfylgja boðum og bönnum laganna og ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja). Skal þetta útskýrt nánar.
9. Umfjöllun um stjórnunar- og eignatengsl er eðli málsins samkvæmt nátengd spurningunni um framkvæmd á banni við **ólögmætu samráði** og heimildir fyrirtækja til samstarfs. Banni 10. gr. samkeppnislaga við samkeppnishamlandi samráði er m.a. ætlað að tryggja að keppinautar hegði sér að öllu leyti sjálfstætt á markaði á þeim sviðum sem mestu máli skipta fyrir samkeppnina. Kjarninn í samkeppni er að fyrirtæki taki sjálfstæðar ákvarðanir um markaðshegðun sína og keppi þannig sín á milli. Þetta stuðlar m.a. að lægra verði til neytenda, auknum gæðum og framförum almennt. Ávinningi samkeppninnar er hins vegar stefnt í hættu ef fyrirtæki hafa samskipti eða samvinnu sín á milli um framangreind atriði. Þessi krafa um sjálfstæði keppinauta er lykilatriði við skýringu á banninu við samráði, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 7. janúar 2021 í máli nr. 42/2019, *Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið gegn Byko ehf. og Norvik hf. og gagnsök*.
10. Ljóst er að stjórnunar- eða eignartengsl milli keppinauta geta með alvarlegum hætti dregið úr sjálfstæði keppinauta og raskað þar með samkeppni almenningi til tjóns. Ákvæði d-liðar 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga veita heimild til þess að vinna gegn slíkum tengslum og er því til stuðnings kröfu samkeppnislaga um sjálfstæði keppinauta og banni við ólögmætu samráði þeirra, sbr. einnig 16. gr. samkeppnislaga. Er t.d. unnt að beita þessum heimildum til að koma í veg fyrir hættu á ólögmætu samráði áður en brot á sér stað.³
11. Þekkt er að samstarf fyrirtækja getur falið í sér stjórnunar- eða eignatengsl í einhverri mynd. Þannig getur eignarhald eins keppinautar í öðrum eða tiltekin stjórnunartengsl gengið gegn banni 10. gr. samkeppnislaga við samkeppnishamlandi samstarfi. Nefna má í þessu sambandi [ákvörðun nr. 23/2008](#), *Kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlut í Hitaveitu Suðurnesja*. Í málinu komst

² Undirmatsgerð í málinu E-4965/2005, dags. 3. október 2008.

³ Til hliðsjónar má líta til bandaríks samkeppnisréttar. Í Clayton lögum (Section 8) frá 1914 er að finna ákvæði sem t.d. bannar sama einstakling að sitja í stjórn fyrirtækja sem eru keppinautar (e. interlocking directorates) Tilgangur þessa ákvæðis hefur verið skýrður svo af Hæstarétti Bandaríkjanna: „nip in the bud incipient violations of the antitrust laws by removing the opportunity or temptation to such violations through interlocking directorates.” *U.S. v. Sears, Roebuck & Co.*, 111 F. Supp. 614, 616 (S.D.N.Y. 1953).



Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að kaupin brytu í bága við 10. gr. samkeppnislaga og mælti fyrir um sölu á eignarhlut Orkuveitu Reykjavíkur í Hitaveitu Suðurnesja.

12. Einnig koma álitaefni um stjórnunar- og eignatengsl iðulega upp við rannsóknir **samrunamála**. Í skilningi samkeppnislaga á samruni sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Breytingu á yferráðum ber að með ýmsum hætti. Þannig getur verið um að ræða hefðbundin kaup eins fyrirtækis á öðru, en einnig geta yferráð falist í því að fleiri aðilar sem hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, eða eitt eða fleiri fyrirtæki ná beinum eða óbeinum yferráðum yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar, sbr. skilgreiningu á yferráðum skv. c-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.
13. Nýlegt dæmi um álitaefni af þessu tagi er [ákvörðun nr. 2/2021](#), *Samruni Bergs-Hugins ehf. (Síldarvinnslan hf.) og Bergs ehf.* Í málinu voru tekin til skoðunar stjórnunar- og eignatengsl samstæðu Síldarvinnslunnar við Samherja hf. og Gjögur hf.
14. Þá geta stjórnunar- og eignatengsl einnig komið til úrlausnar á grundvelli c-liðar 1. mgr. 16. gr. (**markaðsrannsóknir**) sem heimila Samkeppniseftirlitinu íhlutun vegna samkeppnishindrandi aðstæðna eða háttsemi, án þess að umræddar aðstæður eða háttsemi verði rakin til brota á samkeppnislögum. Nefna má að í [greinargerð starfshóps forsætisráðherra](#) um hlutverk lífeyrissjóða í uppbyggingu atvinnulífs, frá janúar 2018, er bent á að Samkeppniseftirlitið geti beitt umræddu ákvæði í tengslum við rannsókn á eignarhaldi lífeyrissjóða á fleiri en einum keppinauti á sama eða tengdum markaði. Nefna má í þessu sambandi skýrslu Samkeppniseftirlitsins [nr. 2/2015](#), *Markaðsrannsókn á eldsneytismarkaðnum – frummatsskýrsla*. Einnig má vísa til ákvarðana Samkeppniseftirlitsins [nr. 8/2019](#), *Samruni N1 hf. og Festi hf.*, og ákvörðunar [nr. 9/2019](#), *Samruni Haga hf., Olíuverzlunar Íslands hf. og DGV ehf.*, sem vikið er nánar að hér á eftir.
15. Eftirlit með samkeppnis- og viðskiptaháttum og stjórnunar- og eignatengslum, á grundvelli d-liðar 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga, er því eðli máls samkvæmt til stuðnings og fyllingar við beiðingu á öðrum ákvæðum laganna. Í reynd uppfyllir Samkeppniseftirlitið því hlutverk sitt við eftirlit með stjórnunar- og eignatengslum með rannsóknum á málum er varða brot á banni við ólögsmætu samráði, rannsóknum á samrunamálum og markaðsrannsóknum. Auk þess skrifar eftirlitið skýrslur um samkeppnis- og viðskiptahætti á mörkuðum. Við upplýsingaöflun og rannsókn í slíkum málum öðlast Samkeppniseftirlitið vitneskju um þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum og fær eftir atvikum upplýsingar um stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja.
16. Mikilvægt er að Samkeppniseftirlitið hafi viðvarandi yfirsýn yfir stjórnunar- og eignatengsl og hafi möguleika á að miðla upplýsingum og auka gagnsæi á þessu sviði. Með það í huga vinnur Samkeppniseftirlitið að því að styrkja reglubundna yfirsýn yfir þessi mál. Áformar eftirlitið að koma sér upp verklagi, gagnagrunnum og betri hugbúnaði sem gerir því kleift að hafa reglulegri og viðvarandi yfirsýn og birta sérstakar skýrslur á þeim grundvelli. Hefur eftirlitið leitað upplýsinga og samstarfs hjá mörgum aðilum vegna þessa. Mjög mikilvægt er að Samkeppniseftirlitið hafi fjárhagslegt svigrúm til að styrkja viðvarandi eftirlit sitt með stjórnunar- og eignatengslum að þessu leyti. Vikið er nánar að þessu í kafla 4 hér á eftir.
17. Í umfjöllun um þessi mál er mikilvægt að afmarka hvaða verkefni Samkeppniseftirlitsins tilheyrja því hlutverki þess að fylgjast með samkeppnis- og viðskiptaháttum og hafa eftirlit með stjórnunar- og eignatengslum. Hér á eftir er byggt á eftirfarandi afmörkun:



- a) Skýrslur sem Samkeppniseftirlitið hefur gefið út á tímabilinu og varða samkeppnis- og viðskiptahætti í íslensku atvinnulífi. Samkvæmt orðalagi d-liðar 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga eru skýrslur samkvæmt ákvæðinu ekki einskorðaðar við stjórnunar- og eignatengsl. Hér falla því undir skýrslur þar sem fjallað er um samkeppnisaðstæður í íslensku atvinnulífi almennt eða á einstökum mörkuðum, án tillits til þess hvort fjallað er sérstaklega um stjórnunar- og eignatengsl. Ársskýrslur og skýrslur sem Samkeppniseftirlitið hefur unnið í samstarfi við samkeppniseftirlit í nágrannalöndum eru ekki taldar með.
- b) Ákvarðanir þar sem gripið er til íhlutunar sem tengist stjórnunar- eða eignatengslum. Hér falla undir ákvarðanir þar sem t.d. sett eru skilyrði til þess að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði fyrirtækis með áskilnaði um óhæði í stjórn og takmörkun á miðlun upplýsinga, sölu á fyrirtæki o.fl. Mörg þessara skilyrða eru sett með sátt við aðila í samrunamálum eða málum er varða undanþágur frá banni við ólögumætu samráði, í tíð eldra lagaákvæðis.
- c) Ákvarðanir eða álit þar sem fjallað er sérstaklega um stjórnunar- og eignatengsl, þótt ekki hafi verið gripið til íhlutunar.
- d) Umsagnir við frumvörp eða aðrar aðgerðir stjórnvalda, þar sem stjórnunar- og eignatengsl eru gerðar að umtalsefni.
- e) Ræður, pistlar eða opnir/opinberir fundir, þar sem fjallað hefur verið um stjórnunar- og eignatengsl.

3. Megindrættir í störfum Samkeppniseftirlitsins á vettvangi stjórnunar- og eignatengsla frá bankahrúni

18. Samkeppniseftirlitið hefur tekið saman yfirlit yfir umfjöllun þess um stjórnunar- og eignatengsl frá bankahrúninu 2008 (sbr. yfirlit I og II hér á eftir), en þá urðu þáttaskil í eignarhaldi fyrirtækja á Íslandi með yfirtöku banka á fjölda fyrirtækja og úrlausn þeirra á fjárhagserfiðleikum fyrirtækja. Yfirlitið er sett fram með þeim fyrirvara að það er ekki fyllilega tæmandi þar sem ýmsar fleiri úrlausnir tengjast beint eða óbeint þessu viðfangsefni. Yfirlitið skapar engu að síður yfirsýn yfir hlutverk og verkefni Samkeppniseftirlitsins að þessu leyti.
19. Eftirlit Samkeppniseftirlitsins með stjórnunar- og eignatengslum á þessu tímabili hefur m.a. birst með eftirfarandi hætti (sjá nánar yfirlit I og II):
 - **18 skýrslur**, þar sem fjallað er um þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum í íslensku atvinnulífi. Þar af fjalla **sjö** um málefni þvert á markaði (þ. á m. um áhrif banka á þróun atvinnulífs), **fjórar** um málefni fjármálamarkaða, **þrjár** um dagvörumarkaði, **tvær** um eldsneytismarkaði, **ein** um fjarskipti og **ein** um fjárhagskerfi. Í **níu** framangreindra skýrslna er fjallað sérstaklega um stjórnunar- og eignatengsl.
 - **86 ákvarðanir**, þar sem fjallað er sérstaklega um stjórnunar- og eignatengsl.
 - **4 formleg álit** til stjórnvalda, þar sem sett eru fram tilmæli til stjórnvalda (og í einu tilviki einnig banka) sem varða stjórnunar- og eignatengsl á einhverju sviði.
 - **4 umsagnir** til Alþingis eða stjórnvalda þar sem fjallað er um eignarhald og/eða stjórnunartengsl.



- Önnur umfjöllun s.s. **opnir fundir (3) og pistill/greinar** þar sem fjallað var sérstaklega um stjórnunar- og eignatengsl. Hér eru ekki taldar með allmargar ráðstefnur og fundir þar sem kynntar hafa verið skýrslur eða aðrar aðgerðir Samkeppniseftirlitsins sem getið er hér að framan.
 - Á yfirliti I hér á eftir er einnig fjallað um **tvo úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála** sem hafa haft þýðingu við framkvæmd eftirlits með stjórnunar- og eignatengslum.
20. Af 86 ákvörðunum sem raktar eru í yfirliti I **fela 79 ákvarðanir í sér íhlutun** vegna stjórnunar- og eignatengsla. Af þeim varða tæplega **60 ákvarðanir viðskiptabankana**, þ. á m. tengsl atvinnufyrirtækis við banka eða fjárfestingarfélag á þeirra vegum, þar sem sett eru skilyrði um óhæði stjórnar og aðrar aðgerðir til að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði viðkomandi atvinnufyrirtækja og sporna við blokkamyndun.
21. Rúmlega **20 íhlutanir varða lífeyrissjóði**, einkum aðgerðir til að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði atvinnufyrirtækja í eigu lífeyrissjóða og sporna við blokkamyndun. Flest þessara mála varða einnig bankana og skarast því við tölur um ákvarðanir sem beinast að þeim.
22. Draga má þrenn kjarnaviðfangsefni út úr umfjöllun Samkeppniseftirlitsins um stjórnunar- og eignatengsl og samkeppnishætti á tímabilinu.

a) Yfiráð banka og fjárfestingarsjóða á þeirra vegum yfir atvinnufyrirtækjum:

Strax í upphafi hrunsins haustið 2008 stóð Samkeppniseftirlitið fyrir umræðu um samkeppnisaðstæður á mörkuðum í ljósi hrunsins, sbr. [skýrslu nr. 2/2008](#), *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnulífs*, þar sem dregin var saman reynsla annarra ríkja af efnahagskreppum og greind tækifæri til að efla samkeppni á 15 mikilvægum mörkuðum.

Á sama tíma birti Samkeppniseftirlitið [álit nr. 3/2008](#), *Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum*, þar sem því var beint til einkum banka að hafa 10 boðorð í heiðri í því skyni að efla samkeppni á mörkuðum. Tilmælin voru mótuð í góðu samstarfi við atvinnulífið og samtök launþega.

Í framhaldinu hófst stefnumótunar- og greiningarvinna sem stóð yfir í fimm ár og birtist m.a. í skýrslum [nr. 2/2009](#), *Bankar og endurskipulagning fyrirtækja -Stefnumörkun*, og skýrslum [nr. 2/2011](#), *Samkeppnin eftir hrun*, skýrsla [nr. 3/2012](#), *Endurreisn fyrirtækja 2012*, og skýrsla [nr. 3/2013](#), *Öflug samkeppni læknar stöðnun*. Til grundvallar þremur síðastnefndu skýrslunum lá gagnaöflun um 120 fyrirtæki á 14 mikilvægum mörkuðum. Dró Samkeppniseftirlitið ályktanir af stöðu þeirra og beindi tilmælum til banka og stjórnvalda af því tilefni.

Framangreind greiningarvinna gerði síðan Samkeppniseftirlitinu kleift að beita íhlutun þegar bankarnir öðluðust síðar yfiráð yfir atvinnufyrirtækjum. Úrslitabýðingu í þeirri vinnu hafði einnig úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 18/2009](#), en úrskurðurinn fól í sér túlkun á samrunareglum samkeppnislaga sem lá til grundvallar því að setja skilyrði fyrir umræddum yfirtökum. Skilyrðin höfðu það að markmiði að flýta endurskipulagningu fyrirtækja með söluskilyrðum, en jafnframt að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði fyrirtækjanna á meðan þau voru undir yfiráðum banka og sjá til þess að eignarhald bankanna myndi ekki skerða samkeppni, t.d. með blokkamyndun.



Samkeppniseftirlitið hóf að setja yfirtökum bankanna framangreind skilyrði snemma árs 2009. Síðasta ákvörðun af þessu tagi er [nr. 31/2019](#), *Yfirtaka Arion banka á TravelCo, Heimsferðum og Terra Nova Sól*.

b) Eignarhald lífeyrissjóða á fleiri en einu atvinnufyrirtæki á sama markaði (sameiginlegt eignarhald):

Þegar bankarnir fóru að losa um yferráð sín yfir atvinnufyrirtækjum í eftirleik hrunsins jókst eignarhald lífeyrissjóða til muna, en fjárfestingar sjóðanna takmörkuðust m.a. af gjaldeyrishöftum. Þetta leiddi til þess að lífeyrissjóðirnir, ekki síst þrír stærstu sjóðirnir, eignuðust hver um sig samkeppnislega mikilvæga eignarhluti í fleiri en einu fyrirtæki á hverjum markaði.

Samkeppniseftirlitið hefur verið virkur þátttakandi í umræðum um áhættur sem þessu fylgir. Fjallaði eftirlitið m.a. um þetta [í ræðu á morgunfundi Viðskiptaráðs Íslands](#) um lífeyrissjóði og íslenskt atvinnulíf, þann 15. nóvember 2013. Þá fylgdist Samkeppniseftirlitið með rannsóknum á þessu sviði á erlendum vettvangi og hafði frumkvæði að umfjöllun um málefnið í alþjóðlegu samstarfi samkeppniseftirlita. Liður í þessari vinnu var [umræðufundur um eignarhald á atvinnufyrirtækjum](#) og áskoranir framundan, þann 25. maí 2016, þar sem bandarískur fræðimaður gerði grein fyrir rannsóknum á áhrifum sameiginlegs eignarhalds á samkeppni.

Þá hefur Samkeppniseftirlitið tekið um 20 ákvarðanir þar sem sett hafa verið skilyrði vegna sameiginlegs eignarhalds lífeyrissjóða á fyrirtækjum. Miða skilyrðin m.a. að því að stuðla að samkeppnislegu sjálfstæði fyrirtækja sem í hlut eiga og koma í veg fyrir blokkamyndun. Fyrsta ákvörðun af þessu tagi var [ákvörðun nr. 1/2011](#), *Kaup Framtakssjóðs Íslands á Eignarhaldsfélaginu Vestia*.

Nýlegar ákvarðanir af þessu tagi er ákvörðun [nr. 8/2019](#), *Samruni N1 hf. og Festi hf.*, og ákvörðun [nr. 9/2019](#), *Samruni Haga hf, Olíuverzlunar Íslands hf. og DGV ehf.* Voru báðum samrunum sett skilyrði til að vinna gegn auknu sameiginlegu eignarhaldi sem af samrununum leiddi. Boðaði eftirlitið að fylgst yrði með aðkomu lífeyrissjóðanna að eignarhaldi fyrirtækja á dagvöru- og eldsneytismörkuðum og mögulega tekið til skoðunar hvort beita þyrfti íhlutun á grundvelli c-liðar 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga.

c) Umfjöllun og aðgerðir vegna stjórnunar- og eignatengsla á tilteknum mörkuðum eða mörkuðum tengdum þeim:

Samkeppniseftirlitið hefur jafnframt fjallað um eigna- og stjórnunartengsl fyrirtækja á tilteknum mörkuðum eða skyldum mörkuðum. Nefna má í því sambandi stjórnunar- og eignatengsl í sjávarútvegi, sbr. [ákvörðun nr. 2/2021](#), *Samruni Bergs-Hugins (Síldarvinnslunnar) og Bergs*, og [ákvörðun nr. 19/2019](#), *Samruni Brims, Fiskvinnslunnar Kambs og Grábrókar og meint yferráð yfir Brimi*.

Á fjármálamarkaði hefur Samkeppniseftirlitið gripið til íhlutunar til þess að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði bankanna þriggja vegna eignatengsla milli þeirra. Annars vegar vegna eignarhalds kröfuhafa Íslandsbanka og Arion banka, sbr. ákvarðanir [nr. 48/2009](#), *Yfirtaka Glitnis banka hf. á Íslandsbanka hf.*, og [nr. 49/2009](#), *Samruni Kaupþings banka hf. og Arion banka hf.* Hins vegar vegna eignarhalds ríkisins á Íslandsbanka og Landsbankanum, sbr. [ákvörðun nr. 9/2016](#), *Framsál Glitnis hf. á 95% hlutafjár Íslandsbanka hf. til Ríkissjóðs Íslands*.



Þá má nefna ákvarðanir sem varða eignatengsl milli keppinauta á öðrum mörkuðum, svo sem á mörkuðum fyrir byggingarefni, sbr. ákvörðun [nr. 1/2017](#), *Kaup Skógarsala (Steypustöðin) á rekstri og eignum Loftorku*.

23. Framangreind umfjöllun er ekki tæmandi, en gefur mynd af helstu verkefnum Samkeppniseftirlitsins á þessu sviði.

4. Verkefni Samkeppniseftirlitsins framundan

24. Þau verkefni sem lýst hefur verið hér að framan hafa skapað Samkeppniseftirlitinu skilning á stjórnunar- og eignatengslum og aðstæðum á viðkomandi mörkuðum á hverjum tíma og gefið eftirlitinu tækifæri til að koma upplýsingum á framfæri og grípa til íhlutunar þegar við á.
25. Engu að síður hefur Samkeppniseftirlitið talið mikilvægt að styrkja enn frekar reglubundna yfirsýn yfir þessu mál. Hefur eftirlitið haft áform um að koma sér upp verklagi, gagnagrunnum og betri hugbúnaði sem gerir því kleift að hafa reglulegri og viðvarandi yfirsýn. Segja má að yfirsýn yfir eignatengsl á helstu mörkuðum sé reglulega uppfærð í gegnum rannsóknir á nýjum samrunum þegar þeir koma til skoðunar. Erfiðara er hins vegar að viðhalda góðri yfirsýn yfir stjórnunartengsl, en þau geta breyst mjög ört með nýjum hluthafafundum.
26. Á síðasta ári hófst vinna við þarfagreiningu og mótun bættrar eftirlitsumgjarðar að þessu leyti. Hefur Samkeppniseftirlitið kallað eftir ráðgjöf um þetta auk þess sem Samkeppniseftirlitið og aðrar stofnanir á þessum vettvangi eru kanna frekara samstarf sín á milli. Framvinda verkefnisins ræðst m.a. af fjárhagslegu svigrúmi stofnana til verkefna af þessu tagi.
27. Takist vel til mun Samkeppniseftirlitið verða betur í stakk búið að efla upplýsingamiðlun og greiningar á þessu sviði, þ. á m. með útgáfu skýrslna um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi.
28. Mjög mikilvægt er að Samkeppniseftirlitið hafi fjárhagslegt svigrúm til að styrkja viðvarandi eftirlit sitt með stjórnunar- og eignatengslum að þessu leyti.



YFIRLIT I

Yfirlit yfir ákvarðanir, skýrslur, umsagnir og aðra umfjöllun um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi

Þetta yfirlit hefur að geyma reifun á helstu ákvörðunum, álitum, umsögnum og annarri umfjöllun Samkeppniseftirlitsins um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi frá upphafi bankahrunsins 2008. Þá eru einnig á yfirlitinu skýrslur um samkeppnis- og viðskiptahætti í skilningi d-liðar 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga, en þær fjalla að hluta til, en ekki einvörðungu, um stjórnunar- og eignatengsl. Þessar skýrslur eru einnig teknar saman á yfirliti II.

Upplýsingar um fjölda og flokkun mála í kafla 3 hér að framan byggja á þessu yfirliti.

Hafa ber í huga að yfirlitið er ekki fyllilega tæmandi um verkefni Samkeppniseftirlitsins á þessu sviði. Ræður þar mestu að óskýr skil eru á milli annars vegar verkefna sem varða stjórnunar- og eignatengsl og hins vegar annarra verkefna, þ.e. einkum eftirlits með bannreglum og samrunareglum samkeppnislaga.

Yfirlitið er í öfugri tímaröð, þ.e. byrjar á nýjustu umfjölluninni.

Ár	Nr.	Heiti	Umfjöllun um stjórnunar- og eignatengsl	Slóð á frétt
Ákvörðun	2021	12	Samruni Norðlenska Matborðsins ehf., Kjarnafæðis hf. og SAH afurða ehf. Samrunaaðilar skuldbundu sig til tiltekinna aðgerða til þess að ryðja úr vegi samkeppnishindrunum vegna samrunans. Miða þær aðgerðir að því að efla samningsstöðu og aðhald bænda og vernda samkeppni á markaðnum. Á meðal aðgerðanna eru rof á stjórnunar- og eignatengslum milli sameinaðs fyrirtækis annars vegar og Fjallalamb og Sláturfélags Vopnfirðinga hins vegar, en Kjarnafæði hefur átt eignarhlut í félögunum og aðkomu að stjórn Sláturfélags Vopnfirðinga. Við athugun á samningsstöðu og aðhaldi bænda með kjötafurðastöðvum voru áhrif þeirra í gegnum eignarhald á afurðastöðvum einnig tekin til skoðunar. Í ljós kom að bændur eru í hverfandi mæli með meirihluta eignarhald í kjötafurðastöðvum og heldur sú þróun áfram með	Frétt



				samrunanum. Samkeppniseftirlitið hefur til skoðunar að gefa út sérstakt umræðuskjal um þetta.	
Ákvörðun	2021	3	Samruni FISK-Seafood ehf. og Ölduóss ehf.	Í ákvörðun vegna málsins, þar sem samruninn var samþykktur, er vikið að stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi: "Líkt og að framan greinir á dótturfélag FISK-Seafood 33% eignarhlut í Vinnslustöðinni hf. Í þessu máli er engin afstaða tekin til umræddra eignatengsla, enda hafa ekki komið fram vísbendingar um að þau eignatengsl hafi áhrif á efnislegt mat þessa samrunamáls. Rétt er hins vegar að áréttu að stjórnunar- og eignatengsl milli keppinauta á markaði, sameiginleg þátttaka þeirra í verkefnum eða önnur samvinna, getur á hverjum tíma kallað á rannsókn samkeppnisyfirvalda. Getur þá komið til álita að umrædd eigna- og stjórnunartengsl, eða aðrir gerningar, feli í sér að stofnast hafi til yferráða yfir viðkomandi fyrirtæki eða fyrirtækjum. Þá getur komið til álita hvort sömu viðskipti og tengdir gerningar fari gegn banni 10. gr. samkeppnislaga við ólögmetu samráði.2 Þessu til viðbótar hefur Samkeppniseftirlitinu verið ætlað það hlutverk að fylgjast með stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja, sbr. 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga."	
Ákvörðun	2021	2	Samruni Bergs-Hugins ehf. (Síldarvinnslan hf.) og Bergs ehf.	Í málinu voru tekin til skoðunar stjórnunar- og eignatengsl samstæðu Síldarvinnslnnar við Samherja hf. og Gjögur hf., en tengsl af þessu tagi hafa þýðingu við m.a. mat á yferráðum í samrunamálum. Í ákvörðuninni er rakið að Samherji og tengdir aðilar eigi rúmlega 48% í Síldarvinnslnni og eigendur Gjögurs rúmlega 34%. Þá segir: "Til viðbótar framangreindu eru vísbendingar um þétt stjórnunar- og eignatengsl milli Samherja, Gjögurs og Síldarvinnslnnar sem birtast m.a. í því að einn af stærstu eigendum Gjögurs hefur þar til nýverið gegnt starfi forstjóra Samherja, samhliða því að eiga eignarhlut í Síldarvinnslnni í gegnum eignarhaldsfélag sem jafnframt er í eigu Samherja. Þetta ásamt fleiru gefur til kynna veruleg tengsl á milli stórra hluthafa í Síldarvinnslnni. [] Virt saman fela framangreindar upplýsingar í sér vísbendingar um að stofnast hafi til yferráða í Síldarvinnslnni umfram það sem samrunaaðilar hafa gert grein fyrir í samrunatilkynningu."	Frétt
				Í málinu var ekki tekin endanleg afstaða til yferráða, enda reyndist úrlausn á því ekki forsenda afgreiðslu málsins. Hins vegar var boðað að eftirlitið myndi óska frekari upplýsinga og sjónarmiða frá viðkomandi aðilum og stjórnvöldum og taka í framhaldinu afstöðu til þess hvort og þá með hvaða hætti beri að rannsaka nánar möguleg yferráð og e.a. samstarf hlutaðeigandi fyrirtækja.	



Umsögn 2021 1 [Umsögn Samkeppniseftirlitsins vegna áform um sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka](#)

Í umsögninni er eignarhald lífeyrissjóða á fjármálafyrirtækjum, samhlíða eignarhaldi á atvinnufyrirtækjum og öðrum hagsmunatengslum, gert að umtalsefni. Segir m.a. eftirfarandi: "Að mati Samkeppniseftirlitsins er augljóst að skoða þarf gaumgæfilega samkeppnisleg áhrif þess að lífeyrissjóðir eignist veigamikinn eignarhlut í Íslandsbanka, m.a. af eftirtöldum ástæðum:

[1] Í fyrsta lagi liggur fyrir að samanlagður eignarhlutur þeirra lífeyrissjóða sem eiga yfir 1% hlut í Arion banka, öðrum aðalkeppinauti Íslandsbanka, nemur um 35% af heildarhlutafé bankans. Þar af eiga þrír stærstu lífeyrissjóðirnir tæpan 24% eignarhlut. [] Samkeppniseftirlitið hefur áður bent á að það geti haft samkeppnishömlur í för með sér ef sömu fjárfestar eiga í mörgum eða öllum fyrirtækjum í sömu atvinnugrein. Rök standa til þess að einkum beri að huga að þessu á fákeppnismörkuðum, sér í lagi ef um umtalsverða samhlíða eignarhluti er að ræða. [...]

[2] Í öðru lagi verður að hafa í huga að lífeyrissjóðirnir eiga í mörgum tilvikum hagsmuna að gæta sem eigendur helstu viðskiptavina bankanna. Fyrir liggur að lífeyrissjóðir eiga í mörgum tilvikum veigamikinn eignarhlut í fleiri en einu atvinnufyrirtæki á sama markaði. Huga þarf sérstaklega að áhættum sem fylgja slíkum hagsmunatengslum, ekki síst ef til þess kæmi að sömu lífeyrissjóðir ættu að auki veigamikinn eignarhlut í fleiri en einum viðskiptabanka.

[3] Í þriðja lagi eru lífeyrissjóðir viðskiptavinir bankanna á ýmsum sviðum, á grundvelli stöðu sinnar sem veigamiklir ráðstöfunaraðilar fjármagns í landinu. Þeir taka því þátt í fjármögnun bankanna, eru m.a. fjárfestar í verkefnum banka og sjóða á þeirra vegum og þiggja margvíslega ráðgjöf frá bönkunum.

[4] Síðast en ekki síst verður að hafa í huga að lífeyrissjóðirnir eru á sama tíma að nokkru leyti í samkeppni við bankana á lánamarkaði. Lífeyrissjóðirnir keppa við bankana á íbúðalánamarkaði en einnig veita þeir bönkunum ákveðið aðhald á sviði fleiri tegunda lána með því að fjárfesta í sjóðum sem stofnaðir hafa verið til kaupa á skuldabréfum fyrirtækja. Eignarhald lífeyrissjóðanna á bönkunum virðist þannig geta haft tiltekna hagsmunaárekstra í för með sér fyrir lífeyrissjóðina."

Ákvörðun 2020 19 [Samruni Brims hf., Fiskvinnslunnar Kambs hf. og Grábrókar ehf. og meint yferráð í Brimi hf.](#)

Í málinu komu eignatengsl í sjávarútvegi til skoðunar. Voru færð rök fyrir því að Útgerðarfélag Reykjavíkur og tengdir aðilar færu með yferráð í Brimi. Þannig tók Samkeppniseftirlitið til athugunar hvort að til grundvallar samrunanum lægju viðtækari yferráð en tilkynnt hefðu verið. Samrunaaðilar mótmæltu því frummati eftirlitsins. Við rannsóknina tók Samkeppniseftirlitið til skoðunar hvort kaup Brims á Kambi og Grábrók hefðu skaðleg áhrif á samkeppni ef hin viðtækari yferráð yfir Brimi væru lögð til grundvallar. Niðurstaðan var að svo væri ekki og var samruninn samþykktur án athugasemda. Hins vegar var boðað að tekið yrði til frekari

[Frétt](#)



				athugunar, í öðru máli, í ljósi breyttra aðstæðna og nýrra upplýsinga hvort stofnast hefði til yfirráða í Brimi, sem tilkynna hefði átt lögum samkvæmt.	
Skýrsla	2020	3	Þekking og viðhorf stjórnenda íslenskra fyrirtækja til samkeppnismála	Í skýrslunni eru birtar niðurstöður könnunar um viðhorf stjórnenda íslenskra fyrirtækja til samkeppnismála. Leiðir könnunin m.a. í ljós að stór hluti íslenskra fyrirtækjastjórnenda telur að samkeppnislögregla eigi sér stað á sínum markaði.	Frétt
Skýrsla	2020	2	Breytingar á eldsneytismarkaði - Úrlausn samkeppnishindrana sem bent var á í markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins	Í skýrslunni er gerð grein fyrir samkeppnishömlum sem fjallað var um í frummati markaðsrannsóknar á eldsneytismarkaði (skýrslu nr. 2/2015) og fjallað um breytingar sem orðið hafa í framhaldi af eða í tengslum við markaðsrannsóknina. M.a. er gerð grein fyrir breytingum í dreifingu og birgðahaldi, sem varða stjórnunar- og eignatengsl.	Frétt
Skýrsla	2020	1	Samstarf eða samkeppni - Uppbygging fjarskiptainniðla	Í skýrslunni er m.a. rakið gildandi réttur og stefnumörkun á þessu sviði á Evrópska efnahagssvæðinu, innan OECD og í einstökum löndum, t.d. Bretlandi. Rakið er að víðtækt innviðasamstarf keppnauta geti stefnt í hættu markmiðum um að skapa aðstæður fyrir fjárfestingu og hraða uppbyggingu grundvallarinnviða eins og 5G. Svo víðtækt samstarf sé ekki í samræmi við stefnumörkun í nágrannalöndum og geti skaðað hagsmuni almennings.	
Umsögn	2020	1	Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um fjölmiðla (stuðningur við öflun og miðlun fréttu, fréttatengds efnis o.fl.)	Í umsögninni gerði Samkeppniseftirlitið eignatengsl atvinnulífs og fjölmiðla að umtalsefni. Sagði m.a. eftirfarandi: "Í þessu sambandi hefur Samkeppniseftirlitið í huga að eignarhald stærri einkarekinna fjölmiðla hefur í vaxandi mæli þróast á þann veg að eignarhaldið hefur færst á hendur fjársterkra aðila sem standa fyrir tiltekna skilgreinda hagsmuni í íslensku atvinnulífi. Í sumum tilvikum blasir við að ráðstöfun þessara aðila á fjármunum í fjölmiðlarekstur hefur það meginmarkmið að ljá hagsmunum viðkomandi aðila enn sterkari rödd og vinna þeim þannig frekari framgang. [Við þessar aðstæður er mikilvægt að stjórnvöld hagi stuðningi sínum við fjölmiðla þannig að þeir aðilar eða hagsmunaöfl sem hafa úr minni fjármunum að motta geti einnig komið sínum málstað á framfæri. Ættu stjórnvöld að þróa almenn viðmið um stuðning með þetta í huga, án þess að afstaða sé tekin til viðkomandi lögmætra hagsmuna eða þeim mismunad."	



Ákvörðun 2019 31 [Yfirtaka Arion banka á TravelCo hf.](#)
[Heimsferðum ehf. og Terra Nova Sól ehf.](#)

Skilyrði sett til að draga úr samkeppnisröskun sem stafað geta af eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009 og skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009. Skilyrðunum er ætlað að vinna gegn skaðlegum áhrifum hagsmuna- og eignatengsla sem m.a. myndast milli keppinauta undir yferráðum bankans, miðlun viðkvæmra rekstrarupplýsinga til keppinauta, mögulegrar hringamyndunar ef banki hlutaðist til um að fyrirtækið beindi viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yferráðum hans o.fl. Skilyrði mæltu m.a. fyrir um sölu á eignarhlutum og samkeppnislegt sjálfstæði fyrirtækisins, s.s. með stjórnarsetuskilyrðum o.fl.

Ákvörðun 2019 9 [Samruni Haga hf., Olíuverzlunar Íslands hf. og DGV ehf.](#)

Samrunanum voru sett skilyrði sem m.a. var ætlað að 1) bregðast við samkeppnisröskun sem tengist samþættingu eldsneytis- og dagvörfyrirtækja, 2) bæta aðgengi að birgðarými eldsneytis, m.a. vegna eignatengsla keppinauta í gegnum Olíudreifingu hf. og 3) vinna gegn skaðlegum áhrifum af sameiginlegu eignarhaldi á fyrirtækjum á mörkuðum málsins.

[Frétt](#)

Um hið síðastnefnda segir eftirfarandi í ákvörðuninni: "Við samruna þessa máls eykst sameiginlegt eignarhald á eldsneytismarkaði þar sem Olís kemst í eigu félags sem er svo í eigu hluthafa sem eiga umtalsverða hluti í keppinautum Olís á eldsneytismarkaði. Fyrir samruna áttu hluthafar Olís engan hlut í Skeljungu og N1 en eftir samrunann munu hluthafar Olís eiga um 58% hlut í N1 og 48% hlut í Skeljungu. Rannsóknin hefur jafnframt leitt í ljós að atkvæðavægi þeirra hluthafa Haga sem eiga jafnframt hlut í keppinautum fyrirtækisins á hluthafafundum félagsins sl. ár hefur verið umtalsvert, eða um 55-93,3%. Þá er ljóst að aðkoma og áhrif stærstu hluthafa félagsins eru önnur og meiri en minni hluthafa. [...] Í VII. kafla sáttar Samkeppniseftirlitsins við Haga er brugðis við þeirri röskun á samkeppni sem hlotist getur af sameiginlegu eignarhaldi á keppinautum. Að þessu leyti felur sáttin í sér eftirfarandi:

- Kveðið er á um sjálfstæði stjórnar og lykilstarfsmanna Haga gagnvart keppinautum.
- Lagt er bann við því að tekið sé tillit til hagsmuna hluthafa í keppinautum við ákvarðanatöku.
- Kveðið á um að Hagar skuli setja sér samkeppnisstefnu og samkeppnisréttaráætlun.
- Kveðið á um sölu fimm eldsneytisstöðva til aðila sem líklegur er til þess að veita Högum og öðrum keppinautum umtalsvert samkeppnislegt aðhald, sbr. 13. gr. sáttarinnar, en aukið samkeppnislegt aðhald hefur jákvæð áhrif í þessu tilliti.

Ljóst er hins vegar að tilhögun eignarhalds og háttsemi eigenda er verulegu leyti ekki á forræði hins sameinaða fyrirtækis. Af þeim sökum hefur Samkeppniseftirlitið átt í samskiptum við stærstu hluthafa sem eiga í fleiri en einum keppinaut á hlutaðeigandi mörkuðum. Möguleg bein íhlutun



gagnvart þeim á sér fyrst og fremst stoð í c. lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga, en ekki samrunaákvæðum laganna."

Ákvörðun	2019	8	Samruni N1 hf. og Festi hf.	<p>Samrunanum voru sett skilyrði sem m.a. var ætlað að 1) bregðast við samkeppnisröskun sem tengist sambættingu eldsneytis- og dagvöruvyrirtækja, 2) bæta aðgengi að birgðarými eldsneytis, m.a. vegna eignatengsla keppinauta í gegnum Oliudreifingu hf. og 3) vinna gegn skaðlegum áhrifum af sameiginlegu eignarhaldi á fyrirtækjum á mörkuðum málsins.</p> <p>Um hið síðastnefnda segir eftirfarandi í ákvörðuninni: "Það er mat Samkeppniseftirlitsins að sameiginlegt eignarhald [lífeyrissjóða] á dagvöru- og eldsneytismarkaði sé umtalsvert [...] Þá felur samruninn það í sér í nokkrum tilvikum að sameiginlegt eignarhald fjárfesta sem áttu eignarhlut í bæði Festi og N1 í keppinautum eykst. Á þetta við í tilviki Skeljungs þar sem hlutfall hluthafa sem eiga í báðum félögum eykst úr 29% í 48% og í tilviki Haga þar sem hlutfall hluthafa sem eiga í báðum félögum eykst úr 46% í 63% [...]]Í VI. kafla sáttar Samkeppniseftirlitsins við N1 er brugðist við þeirri röskun á samkeppni sem hlotist getur af sameiginlegu eignarhaldi á keppinautum. Að þessu leyti felur sáttin í sér eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none">- Kveðið er á um sjálfstæði stjórnar og lykilstarfsmanna N1 gagnvart keppinautum.- Lagt er bann við því að tekið sé tillit til hagsmuna hluthafa í keppinautum við ákvarðanatöku.- Kveðið á um að N1 skuli setja sér samkeppnisstefnu og samkeppnisréttaráætlun. <p>Ljóst er hins vegar að tilhögun eignarhalds og háttsemi eigenda er verulegu leyti ekki á forræði hins sameinaða fyrirtækis. Af þeim sökum hefur Samkeppniseftirlitið átt í samskiptum við stærstu hluthafa sem eiga í fleiri en einum keppinaut á hlutaðeigandi mörkuðum. Möguleg bein íhlutun gagnvart þeim á sér fyrst og fremst stoð í c. lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga, en ekki samrunaákvæðum laganna."</p>	Frétt
Ákvörðun	2019	3	Kaup Eldeyjar TLH hf. á 51% eignarhlut í Sportköfunarskóla Íslands ehf. (Dive.is)	<p>Eldey, fjárfestingarfélag í ferðaþjónustu, var í eigu fimm lífeyrissjóða, Íslandsbanka o.fl. Samrunanum voru sett skilyrði til að sporna gegn m.a. skaðlegum hagsmunatengslum sem stafað geta af eignarhaldi Eldeyjar á Sportköfunarskóla Íslands og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda Eldeyjar á öðrum atvinnufyrirtækjum.</p>	
Ákvörðun	2019	2	Kaup Árvakurs hf. og 365 miðla hf. á Póstmiðstöðinni.	<p>Samrunanum voru sett skilyrði sem ætlað var að vinna gegn því að eignarhald Árvakurs og 365 miðla í Póstmiðstöðinni myndi hefta aðgang keppinauta þeirra að dreifikerfi Póstmiðstöðvarinnar og mismuna þeim í verðlagningu og gæðum þjónustunnar.</p>	Frétt



Skýrsla	2019	2	Greining á markaði fyrir fjárhagskerfi	Í skýrslunni er birt greining á mörkuðum fyrir viðskiptahugbúnað sem fyrirtæki nota til þess að fylgjast miðlægt með fjárhagsupplýsingum úr rekstri sínum. Greiningin var unnin í tengslum við rannsókn á samruna Advania Holding hf. og Wise lausna ehf. Ekki kom til ákvörðunar í málinu þar sem hætt var við samrunann undir lok rannsóknarinnar.	Frétt
Ákvörðun	2019	1	Kaup SID ehf. á öllu hlutafé Lyfju hf.	SID var að meirihluta í eigu framtakssjóðsins SÍA III slhf. sem var með rekstrarsamning við sjóðastýringarfyrirtækið Stefni hf., dótturfélag Arion banka. Samrunanum voru sett skilyrði til að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum vegna eignarhalds SÍA III á Lyfju og dótturfélögum og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda SÍA III á atvinnufyrirtækjum. Þannig var mælt fyrir um samkeppnislegt sjálfstæði Lyfju, þ. á m. með stjórnarsetuskilyrðum.	
Skýrsla	2019	1	Íslenskur almenningur meðvitaður um mikilvægi virkrar samkeppni - MMR könnun	Í skýrslunni er gerð grein fyrir viðhorfum almennings til samkeppnismála, þ. á m. til samkeppni í tilteknum atvinnugreinum. Niðurstöðurnar eru bornar saman við niðurstöður í sambærilegri könnun í ríkjum Evrópusambandsins. M.a. upplifun almennings af samkeppnishindrunum á einstökum mörkuðum.	Frétt
Ákvörðun	2018	21	Kaup SÍA III slhf. á hlut í Stál í stál ehf.	Framtakssjóðurinn SÍA III var í eigu m.a. lífeyrissjóða og í rekstri hjá Stefni (Arion banka). Samrunanum voru sett skilyrði til að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum vegna eignarhalds SÍA III á Stál í stál og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda SÍA III á atvinnufyrirtækjum. Þannig var mælt fyrir um samkeppnislegt sjálfstæði Stál í stál, þ. á m. með stjórnarsetuskilyrðum.	
Ákvörðun	2018	10	Kaup Horns III slhf. á hlut í Bílaleigu Flugleiða ehf.	Horn III var að hluta til í eigu lífeyrissjóða og með rekstrar- og eignastýringarsamning við Landsbréf (Landsbankann). Þótti nauðsynlegt að binda samrunann skilyrðum til að vinna gegn skaðlegum hagsmunatengslum sem stafað gátu af eignarhaldi Horns og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda Horns á atvinnufyrirtækjum. Miðuðu skilyrðin að samkeppnislegu sjálfstæði Bílaleigu Flugleiða.	
Skýrsla	2018	1	Framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið - Svör Samkeppniseftirlitsins við spurningum Hvítbókarnefndar	Í skýrslunni er fjallað um samkeppnisaðstæður á fjármálamarkaði, áhrif virkrar samkeppni á hagræðingu og fjármálastöðugleika, mikilvægi nýsköpunar í fjármálaþjónustu og samspil mismunandi hagsmuna í starfsemi banka. Sérstaklega er fjallað um stjórnunar- og eignatengsl í kafla 10, en þar er gerð grein fyrir eignarhaldi lífeyrissjóða í atvinnulífinu og áhrif þess gerð að umtalsefni.	



Ákvörðun	2017	46	Undanþága vegna stofnunar og reksturs sameiginlegs seðlavers	Stofnun sameiginlegst seðlavers fól í sér samstarf viðskiptabankanna þriggja í seðlahirðingu. Með skilyrðum var spornað gegn óæskilegum stjórnunartengslum milli keppinauta sem af samstarfinu gæti hlotist.	Frétt
Ákvörðun	2017	44	Breyting á yferráðum í Arcanum ferðabjónustu ehf.	Eldey TLH hf. keypti ráðandi hlut í Arcanum sem var fjölþættur ferðaskipuleggjandi. Eldey var í eigu fimm lífeyrissjóða, Íslandsbanka o.fl. Í ákvörðun kom þetta fram: "Samkeppniseftirlitið hefur í ræðu og riti mælt fyrir um mikilvægi þess að fyrirtæki starfi óháð viðskiptaböndunum. Þá eru stærstu fagfjárfestar landsins [lífeyrissjóðir] á meðal stærstu hluthafa í Eldey og eiga þessir fjárfestar hluti í ýmsum fyrirtækjum sem m.a. keppa við fyrirtæki undir yferráðum samrunaaðila. Á meðal ferðabjónustufyrirtækja þar sem þessir fagfjárfestar eiga eignarhluti eru: Kynniferðir, Allrahanda, Hópbílar, Reykjavík Sightseeing Invest ehf. svo einhver fyrirtæki séu nefnd." Voru samrunanum sett skilyrði til að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum vegna eignarhalds Eldeyjar og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda Eldeyjar á öðrum atvinnufyrirtækjum.	
Ákvörðun	2017	42	Samruni Fjarskipta hf. og 365 miðla hf. (nú Sýn)	Í frétt kom þetta fram: "Mikil eignatengsl eru einnig milli Vodafone og Símans, en sömu hluthafar [einkum lífeyrissjóðir] eiga stóra eignarhluti í báðum félögunum. Það samkeppnislega vandamál varð ekki til við samruna Vodafone og 365. Brotthvarf 365 sem sjálfstæðs keppinautar gerir það hins vegar brýnna að brugðist sé við þessu sameiginlega eignarhaldi. Til þess að draga úr samkeppnishindrunum sem af þessu geta hlotist hefur Vodafone skuldbundið sig til þess að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði stjórnar og lykilstarfsmanna og að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berist ekki til hluthafa sem eiga eignarhlut í keppinautum Vodafone. ."	Frétt
Ákvörðun	2017	41	Samruni TF II slhf. og Hreinsitækni ehf.	TF II var samlagshlutafélag í eigu lífeyrissjóða og annarra fagfjárfesta og í rekstri hjá Íslenskum verðbréfum. Komu lífeyrissjóðir að eignarhaldi fleiri en eins fyrirtækis á sama samkeppnismarkaði og stofnaðist m.a. til eignatengsla milli Hreinsitækni og Gámaþjónustunnar. Voru samrunanum sett skilyrði til að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum, m.a. með ákvæðum um samkeppnislegt sjálfstæði Hreinsitækni.	
Ákvörðun	2017	37	Kaup Gþ Holding ehf. á öllu hlutafé í Gámaþjónustunni ehf.	Gþ Holding í eigu framtakssjóðsins SÍA III sem var í eigu m.a. lífeyrissjóða og í rekstri hjá Stefni (Arion banka). Samrunanum voru sett skilyrði til að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum vegna eignarhalds SÍA III á Gámaþjónustunni og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda og rekstraraðila SÍA III á atvinnufyrirtækjum. Þannig var mælt fyrir um samkeppnislegt sjálfstæði Gámaþjónustunnar, þ. á m. með stjórnarsetuskilyrðum.	



Ákvörðun	2017	34	Samruni dótturfélags Horns III slhf. og PAC1501 ehf. annars vegar og Reykjavík Sightseeing Invest ehf. hins vegar.	Horn III var að hluta til í eigu lífeyrissjóða og með rekstrar- og eignastýringarsamning við Landsbréf (Landsbankann). Þótti nauðsynlegt að binda samrunann skilyrðum til að vinna gegn skaðlegum hagsmunatengslum sem stafað gátu af eignarhaldi Horns og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda Horns á atvinnufyrirtækjum. Miðuðu skilyrðin að samkeppnislegu sjálfstæði Reykjavík Sightseeing.
Ákvörðun	2017	13	Kaup Horns III slhf. á hlut í Líflandi ehf.	Með kaupunum mynduðust eignatengsl milli Ölgerðar Egils Skallagrímssonar og Líflands sem voru keppinautar í sölu á mjöli. Þá var Horn III að hluta til í eigu lífeyrissjóða og með rekstrar- og eignastýringarsamning við Landsbréf (Landsbankann). Þótti nauðsynlegt að binda samrunann skilyrðum til að vinna gegn skaðlegum hagsmunatengslum sem stafað gátu af eignarhaldi Horns og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda Horns á atvinnufyrirtækjum. Miðuðu skilyrðin að samkeppnislegu sjálfstæði Líflands og Nesbúeggja sem var í eigu Líflands.
Umsögn	2017	5	Umsögn Samkeppniseftirlitsins við drög að eigendastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki	Í umsögninni er fjallað um eignarhald á bönkum og mikilvægi þess að eignarhaldið styðji við virka samkeppni.
Álit	2017	4	Samkeppnishömlur á eldsneytismarkaði - Álit til Flutningsjöfnunarsjóðs	Álitið var liður í markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins, sbr. skýrslu nr. 2/2015. Í álitinu eru sett fram tilmæli sem miðuðu að því að tryggja að Flutningsjöfnunarsjóður miðlaði ekki upplýsingum sem skaðað gætu samkeppni og að ákvæði um skipan stjórnar sjóðsins yrðu endurskoðuð, en lög um sjóðinn gerðu ráð fyrir því að fulltrúar keppinauta gætu setið í stjórninni.
Álit	2017	3	Samkeppnishömlur á eldsneytismarkaði - Álit til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra	Álitið var liður í markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins, sbr. skýrslu nr. 2/2015. Í álitinu er fjallað um skipan stjórnar sjóðsins og sjálfstæði gagnvart keppinautum og sett fram tilmæli um að sjóðurinn léti af samkeppnishamlandi upplýsingagjöf til olíufélaga. Frétt
Ákvörðun	2017	1	Kaup Skógarsala ehf. á rekstri og eignum Loftorku í Borgarnesi ehf.	Í samrunanum fólst að dótturfélag Steypustöðvarinnar keypti rekstur og eignir Loftorku. Félög tengd eignarhaldi á Steypustöðinni störfuðu á sambærilegum og tengdum mörkuðum. Sett voru skilyrði til að stuðla að samkeppnislegu sjálfstæði og m.a. koma í veg fyrir að fyrirtæki tengd eigendahópi nytu annarra kjara en keppinautar.



Pistill	2017	1	Lífeyrissjóðir sem eigendur fyrirtækja	Í pistli forstjóra Samkeppniseftirlitsins, sem einnig var birt sem grein í Morgunblaðinu 10. júlí 2017, var gerð stutt grein fyrir umfjöllun eftirlitsins um eignarhald lífeyrissjóða á atvinnufyrirtækjum, í tilefni af grein Óla Björns Kárasonar, formanns efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, um þessi mál.	
Ákvörðun	2016	28	Kaup Horns III slhf. á öllum hlutum í Hagvögnum hf., Hópbílum hf. og Hvaleyri hf.	Framtakssjóðurinn Horn III var stofnaður af dótturfélagi Landsbankans og voru lífeyrissjóðir m.a. hluthafar, auk Landsbankans. Sett voru skilyrði til að vinna gegn m.a. hættu á að eignarhlutir eigenda í keppinautum dragi úr samkeppni, s.s. með stjórnarsetuskilyrðum og skorðum við miðlun viðkvæmra viðskiptaupplýsinga.	
Ákvörðun	2016	26	Kaup Horns III slhf. á hlut í Basko ehf.	Framtakssjóðurinn Horn III var stofnaður af dótturfélagi Landsbankans og voru lífeyrissjóðir m.a. hluthafar, auk Landsbankans. Sett voru skilyrði til að vinna gegn m.a. hættu á að eignarhlutir eigenda í keppinautum dragi úr samkeppni, s.s. með stjórnarsetuskilyrðum og skorðum við miðlun viðkvæmra viðskiptaupplýsinga.	
Ákvörðun	2016	9	Framsál Glitnis hf. á 95% hlutafjár Íslandsbanka hf. til Ríkissjóðs Íslands	Yfirtakan leiddi til þess að 65-70% af innlánastarfsemi í landinu varð undir yfirráðum ríkisins, auk þess sem að Íslandsbanki og Landsbankinn höfðu saman mjög sterka stöðu á öðrum mikilvægum mörkuðum fjármálaþjónustu. Vegna þessara eignatengsla voru sett skilyrði sem tryggðu samkeppnislegt sjálfstæði bankanna tveggja. Þ. á m. var kveðið á um val stjórnarmanna og aðra umgjörð eignarhalds.	Frétt
Ráðstefna	2016		Umræðufundur um eignarhald á atvinnufyrirtækjum og áskoranir framundan	Þann 25. maí 2016 stóð Samkeppniseftirlitið fyrir umræðufundi um eignarhald á atvinnufyrirtækjum, hlutverki lífeyrissjóða og áhrif á samkeppni. Frummælandi var Martin C. Schmalz, dósent við University of Michigan, en hann lýsti rannsóknum á áhrifum eignatengsla á samkeppni. Í pallborði sátu fjármála- og efnahagsráðherra, ásamt völdum aðilum úr viðskiptalífi, verkalýðshreyfingu, fræðasamfélagi og aðilum á vettvangi lífeyrissjóða og fjárfesta. Til grundvallar umræðunni lá minnisblað þar sem raktar eru breytingar á eignarhaldi atvinnufyrirtækja frá hruni og gerð grein fyrir rannsóknum um áhrif eignatengsla á samkeppni.	Frétt
Ákvörðun	2015	29	Samruni Eimskipafélags Íslands hf. og Sæferða ehf.	Samrunanum voru sett skilyrði til að sporna við hættu á því að eignarhald Eimskipafélagsins á Sæferðum (sem rak Breiðafjarðaferjuna Baldur) myndi skaða keppinauta Eimskip í landflutningum. M.a. var kveðið á um sjálfstæðan rekstur Sæferða og viðskipti milli Eimskips og tengdra fyrirtækja.	



Ákvörðun	2015	26	Kaup Akurs fjárfestinga slhf. á hlutafé í Iceland Excursions Allrahanda ehf./ GRAY LINE ICELAND ehf.	Með kaupum Akurs í GRAY LINE urðu lífeyrissjóðir helstu eigendur sameinaðs fyrirtækis. Einnig áttu lífeyrissjóðir eignarhluti í fleiri fyrirtækjum á tengdum mörkuðum. Þá var Íslandsbanki einnig á meðal eigenda, auk þess sem Akur fjárfestingarfélag var í rekstri hjá Íslandsbanka (Íslandssjóðum). Vegna þessa voru samrunanum sett skilyrði sem stuðluðu að samkeppnislegu sjálfstæði GRAY LINE, þ. á m. stjórnarsetuskilyrði.	
Ákvörðun	2015	22	Kaup SF VII slhf. á hlut í Kynnisferðum hf.	Nýtt eignarhald m.a. í höndum lífeyrissjóða og Arion banka, með rekstrarsamningi við Stefni hf. (Arion banki). Sett voru skilyrði til að vinna gegn m.a. hættu á að eignarhlutir eigenda í keppinautum dragi úr samkeppni, s.s. með stjórnarsetuskilyrðum.	
Ákvörðun	2015	14	Undanþága Vodafone og Nova vegna samstarfs um rekstur dreifikerfis	Fjarskiptum hf. (Vodafone, nú Sýn) og Nova ehf. var veitt heimild til samstarfs um rekstur dreifikerfis fyrir farsímabjónustu. Sett voru skilyrði m.a. til þess að takmarka stjórnunartengsl milli félaganna.	Frétt
Ákvörðun	2015	9	Yfirráð Arion banka hf. yfir AFLi-sparisjóði ses.	Arion banki skuldbatt sig til þess að rjúfa eignatengsl við AFL-sparisjóð og selja sjóðinn og skapa þannig skilyrði fyrir aukna samkeppni. Jafnframt voru sett skilyrði sem tryggðu sjálfstæði sjóðsins fram að sölu. Í ljósi nýrra upplýsinga um rekstrarforsendur sjóðsins reyndist nauðsynlegt að endurskoða fyrrgreind skilyrði og varð því ekkert af sölu, sbr. ákvörðun nr. 16/2015.	Frétt 1 Frétt 2
Ákvörðun	2015	8	Breytingar á skipulagi og framkvæmd á greiðslukortamarkaði	Valitor og Borgun höfðu verið í eigu keppinauta á fjármálamarkaði, Valitor í eigu Arion banka og Landsbankans og Borgun í eigu Íslandsbanka og Landsbankans. Með sáttum við bankana voru sett skilyrði sem rufu þessi eignatengsl til frambúðar og varð óheimilt að hvort þessara greiðslukortafyrirtækja væri í eigu tveggja eða fleiri viðskiptabanka. Einnig voru sett takmarkandi skilyrði er lutu að aðkomu eiganda að starfsemi Valitors eða Borgunar þegar eigandi er viðskiptabanki. Þannig var kveðið á um að yrði Valitor eða Borgun, hvort fyrirtæki fyrir sig, í eigu eins banka giltu tiltekin skilyrði gagnvart viðkomandi eiganda sem ætlað væri að tryggja viðskiptalegt jafnræði kortaútgefenda (þ.m.t. allra banka og sparisjóða) hvað varðar þjónustu Valitors og Borgunar. Fjöldmörg önnur skilyrði voru sett til þess að efla samkeppni á fjármálamarkaði.	Frétt



Umsögn	2015	7	Umsögn um frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (verðsamráð í mjólkuriðnaði), 292. mál.	Vakin athygli á að samþjöppun í skjóli laga hafi leitt til óheppilegra stjórnunar- og eignatengsla og í raun einokunarstöðu í mjólkuriðnaði. Lagt til að núgildandi undanþágur frá samkeppnislögum væru felldar úr gildi.	
Ákvörðun	2015	6	Skipulag Símasamstæðunnar og aðgerðir til að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði - Breyting á ákvörðun nr. 6/2013	Með ákvörðun nr. 6/2013 voru sett ítarleg skilyrði sem m.a. er ætlað að vinna gegn samkeppnishömlum sem leiddu af eignarhaldi Skiptasamstæðunnar á fjarskiptainviðum, þar á meðal að tryggja að keppinautar Símans nytu þjónustu m.a. Mílu á jafnfræðisgrundvelli. Sett voru skilyrði um sjálfstæði Mílu, skipan stjórnar o.fl. Með ákvörðun nr. 6/2015 voru gerðar breytingar á skilyrðunum, einkum m.t.t. breytinga á samstæðu Símans.	Frétt
Skýrsla	2015	2	Markaðsrannsókn á eldsneytismarkaðnum - Frummatsskýrsla	Skýrslan var liður í markaðsrannsókn á eldsneytismarkaðnum. Í henni er ítarlega fjallað um aðstæður og háttsemi sem talin er hindra samkeppni, gerð grein fyrir hárrí verðlagningu og samanburði við nágrannalönd og bent á aðgerðir sem til greina koma til þess að ryðja þeim úr vegi. Sérstaklega er fjallað um stjórnunar- og eignatengsl í kafla 5.6 og viðauka B.5. Bent er á að sameiginlegt eignarhald lífeyrissjóða í eldsneytisfyrirtækjum ýti undir hvata til samhæfingar. Einnig er fjallað um stjórnunar- og eignatengsl í dreifingu og birgðahaldi, m.a. í gegnum Olíudreifingu hf.	Frétt
Skýrsla	2015	1	Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði - Staða samkeppninnar 2015	Í skýrslunni eru dregnar saman ákvarðanir (íhlutanir, tilmæli og aðrar úrlausnir) sem hafa leiðbeiningargildi, fjallað um þróun markaðshlutdeildar, verðþróun á dagvörumarkaði, gerð grein fyrir athugunum á viðskiptasamningum birgja og dagvöruverslana og sett fram tilmæli um endurskoðun á skilarétti dagvöruverslana og matarsóun henni tengdri.	Frétt
Ákvörðun	2014	38	Kaup Samherja hf. á ESTIA ehf.	Með kaupnum öðlaðist Samherji yfirráð yfir Slippnum á Akureyri ehf. Skapaðist hættu á því að Samherji myndi nýta þau eignatengsl sér til hagsbóta í samkeppni við önnur sjávarútvegsfyrirtæki. Sett voru skilyrði til að sporna við því.	



Ákvörðun	2014	21	Kaup FAST-1 slhf. á HTO ehf.	Sameinað fyrirtæki átti safn atvinnuhúsnæðis til útleigu. FAST-1 var að verulegu leyti í eigu þriggja lífeyrissjóða, sem sátu í stjórn félagsins. Samið var við Íslandsbanka um rekstur félagsins sem var jafnframt seljandi eigna. Samkeppniseftirlitið taldi að samkeppnishindranir kynnu að stafa af tengslum hluthafa félagsins (lífeyrissjóða) við aðra aðila á markaðnum og tengslum félagsins við Íslandsbanka. Því voru sett skilyrði til þess að tryggja sjálfstæði félagsins, þ.á m. stjórnarsetuskilyrði.
Ákvörðun	2014	20	Yfirtaka Hornsteins ehf. á BM Vallá ehf., Björgun ehf. og Sementsverksmiðjunni ehf.	Í eigendahópnum voru fyrirtæki sem störfuðu á markaðnum. Því skapaðist hætta á samkeppnisröskun sem m.a. gat leitt til þess að viðskiptakjör fyrirtækjanna við fyrirtæki innan eigendahópsins yrðu önnur en þeirra keppnauta sem störfuðu utan eigendahópsins. Sett voru skilyrði til að vinna gegn m.a. þessu.
Ákvörðun	2014	18	Kaup Íslandsbanka hf. á hlutafé Frumherja hf.	Skilyrði sett til að draga úr samkeppnisröskun sem stafað geta af eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. 18/2009 og skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009. Skilyrðunum er ætlað að vinna gegn skaðlegum áhrifum hagsmuna- og eignatengsla sem m.a. myndast milli keppnauta undir yferráðum bankans, miðlun viðkvæmra rekstrarupplýsinga til keppnauta, mögulegrar hringamyndunar ef banki hlutaðist til um að fyrirtækið beindi viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yferráðum hans o.fl. Skilyrðin mæltu fyrir um sölu á eignarhlutum og samkeppnislegt sjálfstæði fyrirtækisins, s.s. með stjórnarsetuskilyrðum o.fl.
Ákvörðun	2014	7	Kaup Bekei hf. (Festi) á Kaupási ehf., ELKO ehf. o.fl.	Nýtt eignarhald m.a. í höndum lífeyrissjóða og Arion banka, með rekstrarsamningi við Stefni hf. Sett voru skilyrði til að vinna gegn m.a. hættu á að eignarhlutir eigenda í keppnautum dragi úr samkeppni, hættu á blokkarmyndun sem útiloki keppnauta frá mikilvægum viðskiptum, hættu á að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berist milli aðila og hættu á óæskilegum stjórnunartengslum. Í frétt sagði m.a. þetta: "Að mati Samkeppniseftirlitsins er hætta á því að óskýrt eignarhald og takmarkað eigendaaðhald í atvinnufyrirtækjum geti leitt til röskunar á samkeppni. Samkeppniseftirlitið telur ljóst í þessu samhengi að umsvif lífeyrissjóða í fjárfestingum í atvinnufyrirtækjum komi til með að hafa afgerandi áhrif á þróun samkeppnismarkaða á næstu árum." Frétt



Ákvörðun	2014	2	Kaup Framtakssjóðsins SF IV slhf. á Skeljungi hf.	Arion banki og lífeyrissjóðir voru meðal stærstu hluthafa í SF IV. Sett voru skilyrði til að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Skeljungs, m.a. skilyrði um skipan stjórnar og stjórnenda. Í frétt sagði m.a. þetta: "Minnkandi eignarhlutur banka í samkeppnisfyrirtækjum er jákvæður en vaxandi eignarhlutur lífeyrissjóða, m.a. í gegnum framtakssjóði, kallar á umræðu um aðkomu þeirra að slíku eignarhaldi og með hvaða hætti nauðsynlegt er að standa vörð um virka samkeppni við þær aðstæður. Að mati Samkeppniseftirlitsins er hættu á því að óskýrt eignarhald og takmarkað eigendaaðhald í atvinnufyrirtækjum geti leitt til röskunar á samkeppni. Samkeppniseftirlitið telur ljóst í þessu samhengi að umsvif lífeyrissjóða í fjárfestingum í atvinnufyrirtækjum komi til með að hafa afgerandi áhrif á þróun samkeppnismarkaða á næstu árum." [...] "Jafnframt leiðir ákveðinn vandi af styrk eigenda SF IV sem fjárfesta á íslenska markaðnum og mögulegum óæskilegum eignatengslum t.d. á milli Skeljungs og keppnauta fyrirtækisins."	Frétt
Ákvörðun	2013	35	Kaup Landsbankans á hlutafé í Ístaki hf.	Skilyrði sett til að draga úr samkeppnisröskun sem stafað geta af eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. 18/2009 og skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009. Skilyrðunum er ætlað að vinna gegn skaðlegum áhrifum hagsmuna- og eignatengsla sem m.a. myndast milli keppnauta undir yferráðum bankans, miðlun viðkvæmra rekstrarupplýsinga til keppnauta, mögulegar hringamyndunar ef banki hlutaðist til um að fyrirtækið beindi viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yferráðum hans o.fl. Skilyrðin mæltu fyrir um sölu á eignarhlutum og samkeppnislegt sjálfstæði fyrirtækisins, s.s. með stjórnarsetuskilyrðum o.fl.	
Ákvörðun	2013	26	Samruni Kristins ehf. og Kvosar ehf.	Við samrunann mynduðust eignatengsl milli Kvosar (Odda) og Landsprents. Skilyrði sett sem tryggja fullan rekstrarlegan og stjórnunarlegan aðskilnað.	
Ákvörðun	2013	13	Kaup 365 miðla ehf. á öllum hlutum í Midi.is ehf., af Digitalus ehf.	Samruna sett skilyrði sem m.a. stuðlaði að samkeppnislegu sjálfstæði Miða.is, þ.á m. óhæði í stjórn.	Frétt
Ákvörðun	2013	10	Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Bergi-Hugin ehf.	Í málinu voru eignar- og stjórnunartengsl Síldarvinnslunnar við Samherja hf. og Gjögur hf. tekin til skoðunar. Segir svo í ákvörðuninni: "Stærstu eigendur Síldarvinnslunnar eru fyrirtæki sem einnig stunda útgerð og fiskvinnslu. Annars vegar Samherji hf. sem á um 45% hlut og Gjögur hf. sem á um 34% hlut í Síldarvinnslunni. Í ljósi þessa eignarhalds ákvað Samkeppniseftirlitið að víkka út rannsóknina og leggja mat á hvort Samherji (eða eftir atvikum Samherji og Gjögur saman) hefðu yferráð yfir Síldarvinnslunni. Væri það raunin hefði hinn tilkynnti samruni í raun falið í sér samruna	Frétt



Bergs-Hugins við Síldarvinnsluna, Samherja og Gjögur. Saman hafa þessi fyrirtæki meiri aflahlutdeild en lög um stjórn fiskveiða heimila."

Niðurstaðan var sú að ekki væru forsendur til að slá því föstu að Síldarvinnslan væri undir yfirlit Samherja og Gjögurs. Hins vegar var ákveðið að hefja athugun á því hvort félögin hefðu brotið gegn banni samkeppnislaga við samkeppnishamlandi samráði. Sú rannsókn var felld niður vegna anna. Sjá einnig ákvörðun nr. 2/2021.

Ákvörðun	2013	6	Breytingar á skipulagi Skiptasamstæðunnar og aðrar aðgerðir til þess að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði	Sett ítarleg skilyrði sem m.a. er ætlað að vinna gegn samkeppnishömlum sem leiddu af eignarhaldi Skiptasamstæðunnar á fjarskiptainviðum, þar á meðal að tryggja að keppinautar Símans nytu þjónustu m.a. Mílu á jafnfræðisgrundvelli. Sett skilyrði um sjálfstæði Mílu, skipan stjórnar o.fl.	Frétt
Ákvörðun	2013	3	Samruni Verkís hf. og Almennu verkfræðistofunnar hf.	Sett skilyrði um samkeppnislegt sjálfstæði fyrirtækja sem samrunaaðilar reka með keppinautum sínum, þ.á m. skilyrði um óhæði stjórna.	
Skýrsla	2013	3	Er týndi áratugurinn framundan? - Öflug samkeppni læknar stöðnun	Skýrsla gefin út á alþjóðlegri ráðstefnu um samkeppnismál (The Future Ain't What it Used to Be - 20 Years og Competition Laws in Iceland). Í skýrslunni er fylgt eftir rannsóknum eftirlitsins á fjárhagsstöðu og endurskiptalagningu 120 fyrirtækja og lýst áhyggjum af áhrifum mikillar skuldsetningar á samkeppni og vaxandi stjórnunar- og eignatengslum á vettvangi lífeyrissjóða.	Kynning
Skýrsla	2013	1	Fjármálaþjónusta á krossgötum	Fjallað um stöðu stóru bankanna gagnvart minni fyrirtækjum og áhrif eigna- og viðskiptatengsla á fjármálaþjónustu. Einnig fjallað um stærð og umgjörð fjármálaþjónustunnar síðastliðinn aldarfjórðung, samþjöppun, rekstrarkostnað, samruna og samstarf. Gerð er grein fyrir aðgangshindrunum og fjallað um verðbréfaþjónustu, fyrirtækjaráðgjöf, eignastýringu og miðlun og hugað að aðskilnaði viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi.	Frétt
Ræða	2013		Samkeppnin og hlutverk lífeyrissjóða	Ræða forstjóra Samkeppniseftirlitsins á morgunverðarfundi þann 15. nóvember 2013, um lífeyrissjóði og íslenskt atvinnulíf. Í ræðunni er rakið hvernig lífeyrissjóðirnir hafi aukið við hlut sinn í eignarhaldi fyrirtækja frá hrúni og fjallað um áhættur þess að sömu aðilar hafi eigna- og stjórnunartengsl við fleiri en eitt atvinnufyrirtæki á hverjum markaði. M.a. segir: "Afleiðingin af öllu framangreindu getur orðið sú að eignarhald mikilvægra atvinnufyrirtækja verði ógagnsætt, m.a. að því leyti að það verður ekki ljóst hvort og þá hver fer með ferðina eða hvernig eigendaáhrif er beitt. Þetta skapar hættu á því að atvinnufyrirtæki njóti ekki eigenda sem	



drifa áfram heilbrigðan rekstur og gera viðkomandi fyrirtæki að virkum keppinaut á markaði. Það, ásamt bágrri stöðu margra fyrirtækja og efnahagsaðstæðum hér, kann að leiða til þess að við náum ekki að auka hér framleiðni á grundvelli virkrar samkeppni.."

Þá er í ræðunni sett fram eftirfarandi tilmæli:

- 1) Lífeyrissjóðir eiga að keppa sín á milli um ávöxtunartækifæri og þeir mega ekki hafa samkeppnishamlandi samstarf um fjárfestingar,
- 2) þeir ættu síður að eiga samkeppnislega mikilvægan eignarhlut í fleiri en einum keppinauti á sama markaði,
- 3) Þeim ber að vinna gegn hvers konar blokkamyndun sem stafað getur af myndun fyrirtækjahópa undir sameiginlegu eignarhaldi,
- 4) þeim ber að skapa aga gagnvart bönkum og sporna þannig gegn skaðlegum afleiðingum hagsmunatengsla,
- 5) eignarhald þeirra má ekki verða svo langvinnt að það hamli gegn fjölbreyttara eignarhaldi, og
- 6) þeim ber að móta sér sjálfstæða stjórnarhætti og um leið eigendastefnu sem styður við samkeppni og framþróun atvinnulífs.

Ákvörðun 2012 22 [Yfirtaka Íslandsbanka hf. á Höfðatorgi ehf. \(fasteignafélag\)](#)

Skilyrði sett til að draga úr samkeppnisröskun sem stafað geta af eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. 18/2009 og skýrslu eftirlitsins nr. 2/2009. Skilyrðunum er ætlað að vinna gegn skaðlegum áhrifum hagsmuna- og eignatengsla sem m.a. myndast milli keppinauta undir yferráðum bankans, miðlun viðkvæmra rekstrarupplýsinga til keppinauta, mögulegrar hringamyndunar ef banki hlutaðist til um að fyrirtækið beindi viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yferráðum hans o.fl. Skilyrði mæltu fyrir um sölu á eignarhlutum og samkeppnislegt sjálfstæði fyrirtækisins, s.s. með stjórnarsetuskilyrðum o.fl.

Ákvörðun 2012 21 [Samruni Olíuverzlunar Íslands hf., Samherja hf. og FISK-Seafood ehf.](#)

Skilyrði sett vegna samkeppnishindrana sem leitt geta af sameiginlegu eignarhaldi Samherja og FISK og lutu m.a. að stjórnarsetu keppinauta í Olís. Kveðið á um sjálfstæði Olís gagnvart eigendum, þ.á m. að því er varðar stjórnarsetu.



Ákvörðun	2012	19	Yfirtaka Glitnis hf. og Haf Funding 2008-1 Limited á Lyfju hf.	Skilyrði sett til að draga úr samkeppnisröskun sem stafað geta af eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. 18/2009 og skýrslu eftirlitsins nr. 2/2009. Skilyrðunum er ætlað að vinna gegn skaðlegum áhrifum hagsmuna- og eignatengsla sem m.a. myndast milli keppinauta undir yferráðum bankans, miðlun viðkvæmra rekstrarupplýsinga til keppinauta, mögulegrar hringamyndunar ef banki hlutaðist til um að fyrirtækið beindi viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yferráðum hans o.fl. Skilyrðin mæltu m.a. fyrir um samkeppnislegt sjálfstæði fyrirtækisins, s.s. með stjórnarsetuskilyrðum o.fl.
Ákvörðun	2012	17	Yfirtaka Landsbankans hf. á hlutum í Lífsvali ehf.	Lífsval fjárfesti í bújörðum og búrekstri. Skilyrði sett til að draga úr samkeppnisröskun sem stafað geta af eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum, sbr. úrsk. áfrýjunarnefndar nr. 18/2009 og skýrslu nr. 2/2009. Skilyrðunum er ætlað að vinna gegn skaðlegum áhrifum hagsmuna- og eignatengsla sem m.a. myndast milli keppinauta undir yferráðum bankans, miðlun viðkvæmra rekstrarupplýsinga til keppinauta, mögulegrar hringamyndunar ef banki hlutaðist til um að fyrirtækið beindi viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yferráðum hans o.fl. Skilyrðin mæltu m.a. fyrir um samkeppnislegt sjálfstæði fyrirtækisins, s.s. með stjórnarsetuskilyrðum o.fl.
Ákvörðun	2012	14	Undanþágubeiðni vegna starfsemi Reiknistofu bankanna og samruni við Teris	Í framhaldi af ákvörðun nr. 4/2008 urðu nokkrar breytingar á innviðum fjármálamarkaðar með stofnun Greiðsluveitunnar o.fl. Undanþágubeiðni vegna Reiknistofu bankanna (RB) átti að hluta til rætur að rekja til þessa. Eigendur RB eru keppinautar á fjármálamarkaði og skuldbundu þeir sig til að fylgja skilyrðum sem unnu gegn samkeppnisröskun vegna stjórnunar- og eignatengsla á vettvangi RB. Frétt
Ákvörðun	2012	12	Kaup Framtakssjóðs Íslands á hlutum í N1 hf.	Skilyrði sett til að draga úr samkeppnisröskun sem stafað geta af eignarhaldi banka og lífeyrissjóða á atvinnufyrirtækjum, sbr. úrsk. áfrýjunarnefndar nr. 18/2009 og skýrslu nr. 2/2009. Skilyrðunum er ætlað að vinna gegn skaðlegum áhrifum hagsmuna- og eignatengsla sem m.a. myndast milli keppinauta undir yferráðum bankans, miðlun viðkvæmra rekstrarupplýsinga til keppinauta, mögulegrar hringamyndunar ef banki hlutaðist til um að fyrirtækið beindi viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yferráðum hans o.fl. Skilyrðin mæltu m.a. fyrir um samkeppnislegt sjálfstæði fyrirtækisins, s.s. með stjórnarsetuskilyrðum o.fl.
Ákvörðun	2012	9	Yfirtaka BMV Holding á BM Vallá ehf.	Eigendahópur sem stóð að BM Vallá var að stórum hluta sá sami og stóð að Sementverksmiðjunni. Samrunaaðilar áttu viðskipti hver við annan og taldi Samkeppniseftirlitið



hættu á að samkeppni yrði raskað, m.a. vegna stjórnunar- og eignatengsla sem leitt gæti til innbyrðis viðskipta öðrum til tjóns. Samrunanum voru sett skilyrði til að sporna gegn þessu.

Ákvörðun	2012	5	Sameiginleg yferráð Framtakssjóðs Íslands og Horns fjárfestingarfélags yfir Promens hf. (plastframleiðsla)	Skilyrði sett til að draga úr samkeppnisröskun sem stafað geta af eignarhaldi banka og lífeyrissjóða á atvinnufyrirtækjum. Skilyrðunum er ætlað að vinna gegn skaðlegum áhrifum hagsmuna- og eignatengsla sem m.a. myndast milli keppinauta undir yferráðum bankans, miðlun viðkvæmra rekstrarupplýsinga til keppinauta, mögulegar hringamyndunar ef banki hlutaðist til um að fyrirtækið beindi viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yferráðum hans o.fl. Skilyrðin mæltu m.a. fyrir um samkeppnislegt sjálfstæði fyrirtækisins, s.s. með stjórnarsetuskilyrðum o.fl.	
Skýrsla	2012	3	Endurreisn fyrirtækja 2012 - Aflaklær eða uppvakningar?	Áframhald greiningar á fjárhagsstöðu 120 stórra fyrirtækja (skýrsla nr. 2/2011). Gerð er grein fyrir mikilli skuldsetningu endurskipulagðra fyrirtækja og líklegum áhrifum þess á samkeppni. Fjalla um áhrif viðtæks eignarhalds banka á fyrirtækjum.	Frétt
Skýrsla	2012	1	Verðbróun og samkeppni á dagvörumarkaði	Fjallað um samþjöppun og aðgangshindranir á dagvörumarkaði og gerð grein fyrir ítarlegri rannsókn sem leiddi í ljós órökstuddan verðmun í viðskiptum birgja við annars vegar stærri verslanakeðjur (einkum Haga) og hins vegar minni verslanir. Sett fram tilmæli til fyrirtækja og stjórnvalda.	Frétt
Ákvörðun	2011	41	Viðskipti Landsbankans hf. og Bifreiðainnflutnings ehf. með eignarhluti í Toyota á Íslandi ehf.	Skilyrði sett til að draga úr samkeppnisröskun sem stafað geta af eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum, sbr. úrsk. áfrýjunarnefndar nr. 18/2009 og skýrslu nr. 2/2009. Skilyrðunum er ætlað að vinna gegn skaðlegum áhrifum hagsmuna- og eignatengsla sem m.a. myndast milli keppinauta undir yferráðum bankans, miðlun viðkvæmra rekstrarupplýsinga til keppinauta, mögulegar hringamyndunar ef banki hlutaðist til um að fyrirtækið beindi viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yferráðum hans o.fl. Skilyrðin mæltu m.a. fyrir um samkeppnislegt sjálfstæði fyrirtækisins, s.s. með stjórnarsetuskilyrðum o.fl.	Frétt
Ákvörðun	2011	34	Kaup Landsbankans hf. í Verdis hf. (áður Arion verðbréfavarsla)	Verdis starfaði við verðbréfaumsýslu og var í eigu Arion banka. Með kaupum Landsbankans á eignarhlut í félaginu hugðust Arion banki og Landsbankinn fara með sameiginleg yferráð yfir félaginu. Leiddu þessi eignatengsl keppinauta og önnur atriði til ógildingar samrunans. Með úrskurði í máli nr. 11/2011 lagði áfrýjunarnefnd fyrir eftirlitið að rannsaka samrunann að nýju. Ekkert varð hins vegar af samrunanum.	Frétt



Ákvörðun	2011	28	Yfirtaka Landsbankans hf. á Sólningu Kópavogi ehf.	Skilyrði sett til að draga úr samkeppnisröskun sem stafað geta af eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum, sbr. úrsk. áfrýjunarnefndar nr. 18/2009 og skýrslu nr. 2/2009. Skilyrðunum er ætlað að vinna gegn skaðlegum áhrifum hagsmuna- og eignatengsla sem m.a. myndast milli keppinauta undir yferráðum bankans, miðlun viðkvæmra rekstrarupplýsinga til keppinauta, mögulegrar hringamyndunar ef banki hlutaðist til um að fyrirtækið beindi viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yferráðum hans o.fl. Skilyrði mæltu m.a. fyrir um sölu á eignarhlutum og samkeppnislegt sjálfstæði fyrirtækisins, s.s. með stjórnarsetuskilyrðum o.fl.
